

Tekið fram að afsal vanti fyrir Eyvindarstaðaheiði, en hvað varðar Auðkúluheiði, en þar var dómariinn samningsaðili, séu fossaréttindi undanskilin, þ.e. fyrri eigandi ríkissjóður eða réttara kirkjujarðasjóður eiga virkjunaréttinn. Þannig að hugsanleg áhrif á dómaraann sem íbúa Blöndu-óss fram yfir það að vera almennur skattþegn og kaupandi raforku í landinu, ættu ekki að vera til staðar.

Lokaröksemdafærslan er sú, að í flestum málum þessu líkum hafi verið skipaðir setudómarar. Dómariinn ætlar ekki að rifja upp ástæðu fyrir því, en bendir á að nokkur hluti af starfi hans sem sýslumanns sé einmitt að vera þinglýsingardómari, þ.e. fara yfir og kanna þinglýsingarskjöl þar á meðal afsöl fyrir eignum. Auk þess sem hann hefir kynnt sér nokkuð reglur um eignarrétt og hefir áhuga á þeim málum, þá ætti hann ekki að öðru jöfnu að vera ófærari um að meta það hvort stefnendur hafi eignast Eyvindarstaðaheiði eða ekki. Að vika sæti vegna þessara raka er því hæpið og raunar bara verið að skorast undan skyldu sinni.

Niðurstaðan er því sú, að dómariinn lítur svo á að varnaraðili hafi ekki komið með haldbær rök fyrir því að hann víki sæti í málinu og synjar hann því framkominni kröfu.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar 30. september 1987.

Miðvikudaginn 30. september 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 30. september komu hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Gaukur Jörundsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir saman í dómhúsi Hæstaréttar.

Fyrir var tekið:

Beiðni Benedikts Blöndals, Eiríks Tómassonar, Gunnars M. Guðmundssonar, Hákonar Árnasonar, Helga V. Jónssonar, Sveins Snorrasonar og Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmannanna um að þeim verði ákveðin þóknun fyrir verjendastörf í hæstaréttarmálinu:

nr. 162/1987. **Ákærvaldið**

gegn

**Axel Kristjánssyni,
Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni,
Lárusi Jónssyni,
Ólafi Helgasyni,
Ármani Jakobssyni,
Bjarna Guðbjörnssyni og
Jónasi Gunnari Jónassyni Rafnar**

Kveðinn var upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ofangreind beiðni hæstaréttarlögmanna, sem dagsett er 22. júlí 1987, barst Hæstarétti 14. september s.l.

Með dómi Hæstaréttar 4. júní 1987 var ákæru í málinu nr. 162/1987 vísað frá héraðsdómi. Framangreindir hæstaréttarlögmenn voru verjendur ákærðu. Þeir fara þess á leit, með vísan til 3. mgr. 86. gr. og 2. mgr. 87. gr. laga nr. 74/1974, að Hæstiréttur ákveði þeim þóknun úr ríkissjóði fyrir störf þeirra, er þeir kveða hafa verið fólgin í ritun ítarlegrar greinargerðar, viðræðum við skjólstæðinga þeirra og í því að kynna sér skjöl málsins, sem skipta þúsundum blaðsíðna.

Með vísan til 3. mgr. 86. gr. og 2. mgr. 87. gr. laga nr. 74/1974 er rétt að ákveða, að hverjum verjanda skuli greidd 30.000,00 króna þóknun úr ríkissjóði fyrir störf þeirra vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti.

Á l y k t a r o r ð :

Greiða skal Benedikt Blöndal, Eiríki Tómassyni, Gunnari M. Guðmundssyni, Hákonu Árnasyni, Helga V. Jónssyni, Sveini Snorrasyni og Þorsteini Júlíussyni, hæstaréttarlögmönnum, hverjum um sig, 30.000,00 krónur í verjandaþóknun úr ríkissjóði.